

Drög að umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um drög að reglum Reykjavíkurborgar um framkvæmd íbúakosninga.

Á fundi forsætisnefndar þann 12. júní 2015 voru lögð fram drög að reglum Reykjavíkurborgar um framkvæmd íbúakosninga. Forsætisnefnd vísaði drögunum til umsagnar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs með bréfi dags. 19. júní 2015.

Umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð fagnar því að forsætisnefnd sé að vinna að reglum Reykjavíkurborgar um framkvæmd íbúakosninga. Skýrar leikreglur tryggja að framkvæmd íbúakosninga sé gagnsæ, traust, fúmlaus og samræmd. Slíkt verður að teljast vænlegt til þess að auka notkun á samráðsverkfæri á borð við íbúakosningar við ákvarðanatöku sveitarfélags.

Núverandi drög gera ráð fyrir að reglurnar gildi bæði um íbúakosningar skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og aðrar íbúakosningar sem fram fara í Reykjavík. Skýra mætti gildissvið reglnanna betur með því að skilgreina hvað átt sé við með íbúakosningum, m.a. til að taka af vafa um hvort verkefni á borð við Betri hverfi falli undir þá skilgreiningu. Mögulega þyrfti að skilgreina hugtakið íbúakannanir til að hægt sé að greina á milli íbúakosninga og íbúakannana.

Gerð er athugasemd við að reglurnar fjalli ekki um möguleikann á rafrænni kosningu en eingöngu er kveðið á um möguleikann á rafrænni talningu. Telja verður æskilegt að tengja reglurnar betur við reglugerð um undirbúning, framkvæmd og fyrirkomulag rafrænna íbúakosninga og gerð rafrænnar kjörskrár nr. 467/2013.

Fjalla mætti ítarlegar um hvernig ákvörðun um kosningu er tekin í borgarstjórn og aðdraganda hennar. Þannig mætti tengja reglurnar betur við reglugerð um undirskriftarsafnanir vegna almennra atkvæðagreiðslna samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 155/2013. Þar er m.a. fjallað um mat á takmörkunum á því hvað bera megi upp í íbúakosningum og leiðbeiningarskyldu sveitarfélaga á fyrri stigum máls. Í drögunum er kveðið er á um „samþykkt borgarstjórnar“ sem mögulega gæti valdið þeim misskilningi að ákvæðið setji þær skyldur á borgarstjórn að hún setji sérstaka samþykkt um einstakar íbúakosningar. Ef það er ætlunin mætti kveða fastar að orði.

Að auki er athygli vakin á því að ákvæði um tímafresti eru bæði í 1. og 4. grein reglnanna. Mögulega færi betur á því að hafa tímamörk aðeins í 4. grein meðan 1. grein fjalli um gildissvið reglnanna.